

BN/  
B.283/00

Reykjavík 28. apríl 2000

Borist hefur til umsagnar, með bréfi formanns allsherjarnefndar Alþingis dags. 12. þ.m., frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19, 26. mars 1991 og almennum hegningarlögum nr. 19, 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, 559. mál, nálgunarban.

Ég felli mig við megin efni frumvarpsins en set fram eftirfarandi ábendingar og tillögur:

1. Við umfjöllun á nálgunarbanni hefur m.a. verið hugað að fyrirmyndum í nágrannalöndum okkar. Lagaákvæði um nálgunarban hafa verið sett í Svíþjóð og Noregi en ekki í Danmörku. Í Svíþjóð gilda sérlög (1988:688) um þetta úrræði en í Noregi var farin sú leið sem þetta frumvarp virðist að verulegu leyti fylgja (lög 50, 1. júlí 1994 með síðari breytingu lög 2, 9. janúar 1998).

Í báðum löndunum, Svíþjóð og Noregi, er það ákærvaldið sem tekur ákvörðun um nálgunarban í upphafi.

Samkvæmt sænsku lögunum getur sá sem þolir nálgunarban og einnig sá sem nálgunarbannið á að vernda lagt ákvörðun ákæranda í málinu fyrir dómstól, sem þá tekur ákvörðun í málinu. Ef aðilar hins vegar sætta sig við ákvörðun ákæranda stendur hún þar til annað verður ákveðið.

Samkvæmt norsku lögunum ber ákærandanum að leggja málið fyrir dómstól eins fljótt og mögulegt er og í síðasta lagi 3 dögum eftir að hann tók ákvörðun sína. Dómstóll kveður síðan upp úrskurð í málinu.

Ætla má að með þessu fyrirkomulagi sem gildir í nefndum löndum megi fyrir grípa til úrræðisins og það án þess að réttaröryggi þolanda nálgunarbanns sé skert að nokkru marki.

Benda má á að lögreglan hefur heimild til handtöku án þess að dómsúrskurður liggi fyrir en handtakan er að sjálfsögðu mun meiri skerðing á frelsi manns heldur en nálgunarban er. Handtekinn man ber síðan að leiða fyrir dómara án tafar ef hann verður ekki látinn laus.

Ég tel eðlilegt og geri að tillögu að ákærandi taki ákvörðun um nálgunarbannið á fyrsta stigi og beri honum skylda til að leggja málið og ákvörðun sína fyrir dómstól innan ákveðins frests, t.d. tveggja sólarhringa.

2. Í greinargerð með frumvarpinu, neðst á bls. 3, segir að vafi hafi leikið á því hvort áminning lögreglu sé stjórnvaldsákvörðun, sem sæti meðferð samkvæmt

stjórnsýslulögum og verði borin undir dómsmálaráðuneytið með stjórnsýslukæru, eða hvort áminning feli í sér lyktir opinbers máls og sæti því endanlegri ákvörðun ríkissaksóknara.

Í 3. gr. frumvarpsins b. lið 1. mgr. segir að lögregla geri kröfu um nálgunarbann og hún fellir nálgunarbann úr gildi, sbr. d lið 2. mgr. sömu greinar o.fl.

Verði ekki fallist á tillögu mína hér að framan tel ég þýðingarmikið að ljóst verði hvort krafan um nálgunarbann sé löggæsluverkefni sem heyrir þá undir lögreglustjórnina (ríkislögreglustjóran/dómsmálaráðuneytið) eða verkefni sem heyrir undir ákærvaldið. Það kann að orka tvímælis hvar endanleg ábyrgð á þessu verkefni liggur vegna þess að nálgunarbann er lagt á með það að markmiði að afstýra broti sem rökstudd ástæða er til að ætla að verði ella framið o.s.frv, en það virðist hins vegar ekki vera þáttur í rannsókn á refsiverðri háttsemi sem þegar hefur verið drýgð. En vafalaust heyrir þáttur í rannsókn á refsiverðri háttsemi undir ákærvaldið.

Eigi nálgunarbann, eins og það er sett fram í frumvarpinu, eða beiðni um nálgunarbann undir ákærvaldið er hugsanlega rétt að orðið ákærandi komi í stað orðsins lögregla í lagatextanum eða fram komi t.d. í nefndaráliti skýr afstaða til þessa atriðis.

3. Ég efast um að ástæða sé til að mæla fyrir um að skipa skuli mönnum verjanda (talsmann) í þessum tilvikum þótt þeir megi að sjálfsögðu hafa sér til aðstoðar talsmann á eigin vegum við meðferð kröfunnar um nálgunarbann.

Ef talið er rétt að hafa ákvæði um að þolanda kröfu um nálgunarbann skuli skipa löglærðan talsmann tel ég eðlilegt að mæla fyrir um það í kaflanum um nálgunarbann en ekki í 34. gr. laga um meðferð opinberra mála, enda er þolandi nálgunarbanns tæpast sakborningur í skilningi VI. kafla laganna, sem fjallar um sakborning og verjanda, og hefur því ekki réttarstöðu sakbornings.

*Rógi Nilsson*

Nefndasvið Alþingis

Þórshamri v/Templarasund

150 REYKJAVÍK

(einnig sent með tölvupósti)